



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P'9/2/2325
komudagur 6.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. maí 2011
2011050067/0.1.2/GG/jh/sk/gh

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla (bættur réttur nemenda), 747. mál um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.


Landlæknir þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp og fagnar aukinni áherslu á bættan rétt nemenda. Landlæknir vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Varðandi 6. gr. frumvarpsins um skólabrag, 1. mgr. „... góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag“ bætist eftirfarandi við ... og styðjandi umhverfi. Í athugasemdum við þessa mgr. má leggja áherslu á að líkamleg-, andleg- og félagsleg heilsa ræðst af flóknu samspili einstaklings, umhverfis og aðstæðna.

Varðandi 6 gr. frumvarpsins um skólabrag, 3. mgr.: „Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um hvernig fyrirbyggja eigi líkamlegt, andlegt og félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skóalstarfi.“ Breytist setningin og verði: „Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu samkvæmt hugmyndafræði heilsueflandi skóla þar sem stuðlað er að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan í samvinnu við hagsmunaaðila sem tengjast grunnskólanum, það er nemendur, starfsfólk skólans, foreldrar, skólaheilsugæsla og sveitarfélög.“ Í athugasemdum við þessa mgr. má leggja áherslu á að til að stuðla að jákvæðum skólabrag þarf m.a. að huga að nemendalýðræði, jákvæðri sjálfsmynd, næringu, hreyfingu, hvíld, andlegri vellíðan, öryggi og hreinlæti. Auk þess þarf að efla færni nemenda í uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvörðunartöku, markmiðssetningu, streitustjórnun og árangursríkum samskiptum. Skólamáltíðir skulu vera í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar/Manneldisráðs um mataræði og næringarefni og fara fram í notalegu og rólegu umhverfi.

Varðandi V. kafla Athugasemda með frumvarpinu um samráð, 1. mgr.: „Frumvarpið snertir fyrst og fremst grunnskóla og hagsmunaaðila sem tengjast grunnskólum, þ.e. starfsfólk skóla, sveitarfélög og foreldra og nemendur.“ Lagt er til að skólaheilsugæsla verði getið sem hagsmunaaðila í þessari málsgrein.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir